

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1979

Nr. 300.

602

31. júlí 1979.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness nr. 22, 24. janúar 1978,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 702.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b) Vatnsgjald kr. 2 917.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gisli Einarsson.

Nr. 301.

31. júlí 1979.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387, 27. desember 1973,
með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 2 000.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 4 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gisli Einarsson.